

Samningur um greiðsludreifingu Fyrirtækjadreifing

SJÓVÁ

Greiðandi

Nafn fyrirtækis

Kennitala fyrirtækis

Forsvarsmaður / prókúruhafi

Farsími

Netfang

Dreifingartími og gjalddagi trygginga

Samkvæmt samningi þessum óskar greiðandi eftir að dreifa greiðslum tryggingariðgjalda með neðangreindum hætti:

☐ 12 mánaða dreifing

Vinsamlegast athugaðu að gjalddagar trygginga þinna verða sameinaðir í einn aðalgjalddaga sem verður í _____ mánuði.

☐ 9 mánaða dreifing

☐ 6 mánaða dreifing

Við val á aðalgjalddaga er m.a. tekið mið af gjalddögum trygginga þinna fram að þessu.

☐ 3 mánaða dreifing

☐ Staðgreitt – eingreiðsla

Gjalddagar verða fyrsti dagur hvers mánaðar og hver mánaðarkrafa fellur í eindaga 15 dögum síðar. Álagsprósenta reiknast á hverja greiðslu samkvæmt gjaldskrá greiðsludreifingar á sjova.is/greidsludreifing.

Samningur þessi er ótímabundinn og nær til allra iðgjalda greiðanda, bæði vegna þeirra trygginga sem í gildi eru við gerð samningsins og nýrra trygginga sem síðar bætast við. Sama gildir um iðgjaldsauka sem falla kann á greiðanda vegna tjóns. Komi til þess að greiðandi þurfi að greiða félaginu eigin áhættu vegna tjóns fellur hún ekki undir greiðsludreifingu heldur kemur að fullu til innheimtu samhliða næstu mánaðarkröfu.

Ef krafa samkvæmt samningi þessum er ekki greidd á eindaga telst hún í vanskilum og reiknast þá dráttarvextir á ógreiddar eftirstöðvar og álag frá gjalddaga. Öðlast Sjóvá þá skilyrðislausan rétt til uppsagnar samningsins í heild án fyrirvara og að senda kröfuna í innheimtuferli hjá innheimtufyrirtæki en slíkt kann að leiða af sér aukinn kostnað fyrir greiðanda. Komi til vanskila á iðgjaldi getur félagið jafnframt fellt viðkomandi tryggingar úr gildi í samræmi við lög um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Iðgjöld brunatrygginga húseigna og ökutækja-trygginga njóta lögveðsréttar og ganga framar öðrum veðkröfum ef til nauðungarsölu þeirra kemur.

Verði vanskil á iðgjöldum ökutækja, sem fjármögnuð eru með bílalanum, eignarleigusamningum eða öðrum fjármögnunarlausnum hjá lánaþyrirtæki með samning við Sjóvá ber félaginu að tilkynna lánaþyrirtækinu um vanskilin og á það þá rétt á að greiða upp iðgjaldaskuldina og endurkrefja greiðanda. Vakin er athygli á því að slíkt getur leitt til aukins kostnaðar fyrir viðskiptavini.

Samningur þessi er ótímabundinn og gildir þar til greiðandi segir honum sannanlega upp, þar til nýr samningur er gerður í hans stað eða þar til hann fellur úr gildi vegna vanskila. Sjóvá áskilur sér einnig rétt til að segja upp samningnum fyrirvaralaust ef greiðandi fer á vanskilaskrá, ef árangurslaust fjárnám er gert hjá honum eða nauðungarsölubeiðni er birt á eignum hans. Við lok samningsins falla allar ógreiddar eftirstöðvar iðgjalda þegar í gjalddaga og bera dráttarvexti frá þeim tíma.

Dagsetning

Undirritun forsvarsmanns / prókúruhafa